

A close-up photograph of several green pine needles against a dark background. The needles are covered in small, clear water droplets, which are in sharp focus. The lighting highlights the texture of the needles and the glistening surface of the water.

# Fellsmörk

Aðalfundur 15. júní 2020

## Skipun stjórnar

Stjórn félagsins sem er skipuð fulltrúum brauta var óbreytt frá fyrra ári og skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Einar Ragnar Sigurðsson, fyrir Hlíðarbraut, formaður stjórnar

Guðrún S. Ólafsdóttir, fyrir Keldudal, gjaldkeri

Tryggvi Þórðarson, fyrir Krók, ritari

Valdimar Reynisson, fyrir Hólsbraut, meðstjórnandi

Einar Kristjánsson, fyrir Gilbraut, meðstjórnandi

Jóhanna Bergrúnar Ólafsdóttir, fyrir Heiðarbraut, meðstjórnandi

Stjórnin var eingöngu skipuð 6 félögum þar sem enginn var tilnefndur fyrir hönd Dalbrautar.

Haldinn var einn stjórnarfundur á starfsárinu og sat Hallur Björgvinsson þann fund en hann er einn af landnemunum Fellsmerkur og á einnig sæti í Stjórn SR.

# Staða mála varðandi framtíð Fellsmerkur



© Einar Ragnar Sigurðsson 2016 / eirasi

# Staða mála varðandi framtíð Fellsmerkur

## Staða mála eftir kaup Skógræktarfélags Reykjavíkur á Fellsmerkurjörðunum

Skógræktarfélag Reykjavíkur keypti sem kunnugt er Fellsmerkujarðirnar, Keldudal og Fell af Fjármálaráðuneytinu vorið 2018. Þrátt fyrir að kaupsamningur hafi verið undirritaður fyrir tveimur árum, þá gekk salan ekki endanlega í gegn fyrir en um síðustu áramót, m.a. vegna óvissu sem kom upp um formlegt eignarhald á jörðunum.

Í millitíðinni hafði Skógræktarfélagið unnið að undirbúningi þess að útfæra sína aðkomu að Fellsmerkurverkefninu eftir að hafa eignast jarðirnar og stóð til um áramót 2018-2019 að fulltrúar stjórnar Skógræktarfélags Reykjavíkur myndu hitta fulltrúa stjórnar Félags landnema á Fellsmörk. Af því varð þó ekki og þar sem núna standa yfir mannabreytingar hjá Skógræktarfélaginu þá er ekki gert ráð fyrir að þessi mál þökist áfram fyrir en næsta haust í fyrsta lagi.

Eins og kom fram í skýrslu stjórnar frá síðasta ári þá er ekki lagt mat á hvort það sé endilega mjög slæmt að lítið hafi gerst varðandi þessi málefni. Gott hefði samt verið að mál væru komin lengra á leið en það er samt ekki hægt að sjá beinan skaða af því að formleg vinna og samstarf milli Félags landnema og stjórnar Skógræktarfélagsins bíði.

# Starfið á Fellsmörk

## Fjöldi setinna landa

Ef miðað er við okkar eigið félagatal eins og það er á heimasíðu félagsins fyrir aðalfundinn eru alls 32 lönd setin:

|              |   |
|--------------|---|
| Heiðarbraut: | 8 |
| Gilbraut:    | 5 |
| Hólsbraut:   | 4 |
| Dalbraut:    | 1 |
| Keldudalur:  | 4 |
| Hlíðarbraut: | 5 |
| Krókur:      | 5 |



Vegamál

# Vegamál



# Vegamál

Vegamál



# Vegamál

Vegamál





# Girðingar

- Talsvert var um sauðfé á austurhluta Fellsmerkur sumarið 2019 og virðist það vandamál hafa farið vaxandi og er orðið viðvarandi. Unnið var að talsverðum lagfæringum snemma sumars 2019 en það virðist samt ekki hafa dugað til að fullu.
- Síðastliðinn vetur var snjóþungur og almennt veðrasamur. Það skilar sér í því að skemmdir á girðingum eru óvenjumiklar. Verið er að vinna að talsvert miklum lagfæringum og setja upp sterkari, varanlegri girðingar sem ættu að geta staðið af sér vetraráraunina.



- Nýjustu tölur um girðingaframkvæmdir er að komnir eru 30 nýir hornstaurar og 500 staurar samtals.

# Varnargarðar

Þrátt fyrir talsverða  
bleytutíð á köflum og  
vegaskemmdir þá er  
ekki vitað til þess að  
varnargarðar hafi látið  
mikið á sjá síðasta árið.  
Staða þeirra er því  
allgóð eins og  
undanfarin ár.



© Einar Ragnar Sigurðsson 2017 / eirasi

# Plöntudagur

- Efnt var til árlegrar sameiginlegrar gróðursetningar á frekar blautum degi 29. júní 2019. Haldið var áfram að gróðursetja sunnan í Fellinu. Gert er ráð fyrir sameiginlegri gróðursetningu 4. júlí, núna í sumar.
- Plöntunefndin sá um skipulagningu og framkvæmd og hana skipuðu:
  - Valdimar Reynisson, Hólsbraut.
  - Jóhanna Bergrúnar Ólafsdóttir, Heiðarbraut.
  - Hallur Björgvinsson, Heiðarbraut.



# Dýralíf

Fyrir utan sauðkindina sem er landnemunum til ama yfir sumarið þá hefur verið eitthvað um ref á Fellsmörk einnig. Vorið 2020 spurðist síðan út að sést hefði til minks fyrir neðan Hlíðarbraut. Af öðrum spendýrum þá er talsverður músagangur á Fellsmörk.



## Kaup á Eldklöppum

Undir liðnum önnur mál verður m.a. rætt um kaup á eldklöppum en um slíkt var rætt á aðalfundi okkar á síðasta ári og umræðum sköpuðust nýlega um málið á Facebook síðu hópsins:

<https://www.facebook.com/groups/Fellsmork/permalink/2921958464565973/>

Til nánari útskýringar þá er eldklappa eins konar málmkústur sem er hannaður til að slökkva gróðurelda án þess að nota vatn. Sjá t.d. á vefsíðu um brunavarnir:

<https://www.grodueldar.is/lagmarksutbunadur/>

Eftir umfjöllun hjá stjórn félagsins er lagt til að félagið taki þátt í kostnaði af því að félagsmenn kaupi eldklöppur og hafi við sín hús eða á sínum skikum. Hver og einn félagi myndi ákveða hvort hann tekur þátt en miðað er við að félagið borgi um helming af einni klöppu fyrir hvern greiðandi félaga.

Félagið myndi sjá um að panta klöppurnar og miðað við upplýsingar um verð þá er tillaga stjórnar myndi félagið borga helming af hverri klöppu sem gæti kostað um 12.000 krónur hver og þá myndi félagismaður greiða helming þess eða 6.000 kr. fyrir eina eldklöppu. Nákvæmari upplýsingar um verð og annað fyrirkomulag mun liggja fyrir á aðalfundinum 15. júní en eldklöppurnar verða væntanlega keyptar í framhaldi af fundinum ef af verður.